

Heilsueflandi möguleikar í Sveitarfélaginu Árborg í samkomubanni.



Sundlaugar Árborgar

Sundlaugar Árborgar á Selfossi og Stokkseyri eru opnar með þeim takmörkunum sem almannavarnir hafa ráðlagt. Allar laugar eru opnar en lokað er í sauna, eimbað og rennibraut. Nánari upplýsingar á heimasíðu Árborgar [https://www.arborg.is/ibuar/fristund-og-sundlaugar/](https://www.arborg.is/ibuar/fristund-og-sundlaugar/sundlaugar/)

Bókasöfn Árborgar á Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri

Frá og með föstudeginum 20.mars verður bókasafnið á Selfossi opið alla virka daga frá kl. 10:00 – 18:00 og laugardaga frá kl. 10:00 – 14:00. Bókasafnið á Eyrarbakka er opið þri. og fim. kl. 16:00 – 18:00 og mið. kl. 19:00 - 21:00. Bókasafnið á Stokkseyri er opið á mán. og fim. Kl. 16:00 – 18:00 og þri. kl. 19:00 – 21:00. Fyrir þá sem eru fastir heima vegna sóttkví eða veikinda verður boðið upp á heimsendingu á bókum frá og með mánudeginum 23.mars. Nánari upplýsingar verða á heimsíðu og facebooksíðu bókasafnanna, <http://bokasafn.arborg.is/>.

GOS höllin á Svarfhólsvelli

Opið er fyrir almenning og félagsmenn í nýju GOS höllina þar sem hægt er að nýta æfingaaðstöðu og golfhermi innandyra. Notendur þurfa að mæta með sína eigin kylfur og golfbolta. Farið er eftir viðmiðum almannavarna og verða allir notendur að fylgja þeim. Nánar á <https://gosgolf.is/>.

Skíðagöngubraut á Svarfhólsvelli

Skíðagöngubrautin á golfvellinginum verður opin eins og veður leyfir og þurfa notendur aðeins að koma með sinn eigin búnað.

Göngustígar í sveitarfélaginu

Reynt er að halda öllum göngustígum í sveitarfélaginu opnum þrátt fyrir mikla snjókomu sl. viku. Frábær leið til útiveru að fara í góðan göngutúr, hlaupa eða hjóla.

Hlaupabraut og gervigrasvöllur á Selfossvelli

Búið er að opna eina braut á frjálsíþróttavellinum sem öllum er frjálst að nýta til að ganga eða hlaupa. Stóri gervigrasvöllurinn er opin en einstaklingar beðnir um að sýna ábyrgð varðandi fjölda og nánd.

Frískir Flóamenn

Hlaupahópurinn Frískir Flóamenn halda úti æfingum þriðjudaga og fimmtudaga kl. 17:30 og á laugardögum kl. 10:00. Hópurinn hittist við Sundhöll Selfoss og eru allir velkomnir. Nánari upplýsingar á facebooksíðu hópsins: <https://www.facebook.com/groups/135968469810840/>

Crossfit Selfoss

Eru með opið í líkamræktarstöðinni með takmörkunum samkvæmt viðmiðum almannavarna. Crossfit tímar hefjast aftur mánudaginn 23.mars. Þjóða einnig upp á heimaæfingar fyrir viðskiptavini. Nánari upplýsingar á heimasíðunni, <https://www.crossfitselfoss.is/>.

Kraftbrennzlan, Gagnheiði 67, Selfossi

Líkamsræktarstöðin er opin með takmörkunum samkvæmt viðmiðum almannavarna. Boðið er upp á æfingatíma á flestum tímum dagsins en nánari upplýsingar má finna á facebooksíðu Kraftbrennzlunnar, <https://www.facebook.com/Kraftbrennzlan/>.

Yoga sálir, Eyravegur 38, Selfossi

Eru með opna yogatíma í gangi en takmarka fjölda í tíma og einstaklingar með flensueinkenni eru vinsamlegast beðnir um að taka frekar þátt í tímum gegnum facebooksíðuna. Þjóða upp á opna yoga tíma í gegnum facebooksíðuna, <https://www.facebook.com/yogasalir/>.

World Class Selfossi

Líkamsræktarstöðin er opin ásamt hóptímum en með takmörkunum samkvæmt viðmiðum almannavarna. Nánar upplýsingar á heimasíðu World Class. <https://worldclass.is/>.